

4. apríl 2017

# ÍSMENTNT2011

Flokkun menntunarstöðu



# Efnisyfirlit

English summary.....	3
Inngangur.....	4
Flokkunarkerfið.....	5
Hugtök og leiðbeiningar.....	6
Menntunarstaða.....	6
Ár.....	6
Hvað þarf til að teljast hafa lokið námsstigi?.....	6
Hæsta menntun.....	7
Nám sem hefur breyst í árunna rás.....	7
Um einstaka menntunarflokka.....	7
0 Engin menntun eða minna en barnapróf.....	7
1 Barnaskólamenntun.....	8
2 Grunnmenntun.....	8
3 Framhaldsskólamenntun.....	8
4 Viðbótarstig.....	9
5 Háskólamenntun, stutt nám.....	10
6 Háskólamenntun, bakkalárgráða.....	10
7 Háskólamenntun, meistaragráða.....	10
8 Doktorsmenntun.....	10
9 Óþekkt.....	11
Flokkun íslenskrar menntunar síðustu áratugi.....	11
Erlend menntun.....	11
Diploma.....	11
Licence.....	11
Doktorar.....	12
Viðauki 1. Listi yfir helstu prófgráður og flokkun þeirra.....	13
Viðauki 2. ÍSMENNT2011 með enskum undirtitlum.....	17

## English summary

This issue of the Statistical Series describes a new Icelandic national standard for the classification of educational attainment, ÍSMENNT2011. The standard is based on the international standard classification of education, ISCED 2011, while taking into account the education attained by Icelandic students from early 20th century.

As in the international standard, the new classification standard, ÍSMENNT2011, divides attained education into nine levels—numbered 0 to 8—with six of the levels further subdivided. In all, educational attainment is classified into 31 educational classes. Statistics Iceland will use ÍSMENNT2011 for its own purposes; inviting others to avail themselves of the new standard should they wish.

### Educational attainment levels in ÍSMENNT2011

Level	Label	No. of classes
0	Less than primary education	1
1	Primary education	1
2	Lower secondary education	8
3	Upper secondary education	8
4	Post-secondary non-tertiary education	5
5	Short-cycle tertiary education	2
6	Bachelor's or equivalent level	3
7	Master's or equivalent level	2
8	Doctoral or equivalent level	1
9	Unknown*	—

\*Not a defined group, but included for convenience.

Further details on the ÍSMENNT2011 standard with English sub-titles can be found on pages 17–18.

## Inngangur

Menntunarstaða Íslendinga hefur lengi verið flokkuð í könnunum Hagstofu Íslands, sem og í könnunum og rannsóknum einstaklinga og stofnana. Hagstofan hefur hins vegar ekki birt slíka flokkun á menntunarstöðu opinberlega. Um árabíl hafa fyrirspurnir borist til stofnunarinnar frá ýmsum aðilum sem hefur vantað leiðbeiningar til að flokka menntun, t.d. vegna rannsókna eða til nota í mannauðskerfi.

Hagstofan gaf út flokkun náms árið 2008 með heitinu ÍSNÁM2008. Það er staðall sem byggist á alþjóðlegu menntunarflokkuninni ISCED97 (*International Standard Classification of Education*), sem var samþykkt á alþjóðavettvangi árið 1997. ÍSNÁM2008 snýst aðallega um flokkun náms, þótt einnig séu í því leiðbeiningar um hvernig flokka eigi hæstu menntun. Ekki er alltaf hægt að nota flokkun náms samkvæmt ÍSNÁM2008 til að flokka menntunarstöðu, þar sem gerðar eru kröfur um lágmarkslengd náms til að það geti flokkast á viðkomandi menntunarstig. Þannig flokkast t.d. allir þeir sem stunda stúdentsnám á stig 3 í ÍSNÁM2008, en það er ekki fyrr en þeir hafa lokið náminu að þeir fá menntunarstöðu á stigi 3. Fram til þess er hæsta menntun nemenda á stigi 2, hafi þeir ekki lokið öðru námi en úr grunnskóla.

Vegna manntals 2011, sem er byggt á stjórnsýsluskram og skráum í vörslu Hagstofunnar, kom snemma í ljós að gerlegt væri að byggja upp skrá yfir menntun landsmanna, sem byggðist að stofni til á prófaskrá Hagstofunnar og manntalinu 1981, auk viðbótargagna sem Hagstofan hefur safnað til að meta menntun þjóðarinnar. Til að flokka þetta efni reyndist nauðsynlegt að útfæra flokkunarkerfið ÍSNÁM2008 nánar. Mennta- og menningarmáladeild Hagstofunnar setti niður fyrstu hugmyndir að flokkun á menntunarstöðu í júní 2010. Sú flokkun var þróuð áfram til notkunar í manntali fyrir árið 2011. Í þessari samantekt er þetta flokkunarkerfi kynnt. Af því að það var fyrst notað í manntalinu 2011 fær það heitið ÍSMENNT2011.

Drög að þessum staðli hafa verið tekin í notkun á nokkrum stöðum, meðal annars í gagnasöfnun vegna launarannsóknar Hagstofunnar. Endanlega útgáfan er aðeins breytt frá því sem þar var kynnt, einkum vegna þess að bætt var við tveimur flokkum. Annars vegar flokki á stigi 3 til að fanga tveggja til þriggja ára almennar námsbrautir á því stigi. Í fyrri drögum voru allar almennar námsbrautir sem voru styttri en stúdentsprófsbrautir flokkaðar á stigi 2. Nú er gert ráð fyrir að aðeins almennar námsbrautir styttri en 2 ár séu flokkaðar svo, t.d. eins árs framhaldsdeildir við gagnfræðaskóla, en tveggja ára brautir eða lengri séu flokkaðar á stig 3. Hins vegar var bætt við flokki fyrir almenna háskólamenntun sem er styttri en bakkalágráða og telst til námsloka á stigi 5.

Á alþjóðavettvangi hefur ISCED97-flokkunarkerfið verið endurskoðað og kallast endurskoðaða útgáfan ISCED 2011. Til þess að ekki þurfi að breyta nýjum flokkunarstaðli í kjölfarið var tekið mið af nýja alþjóðlega staðlinum við mótun ÍSMENNT-kerfisins. Þá er höfð hliðsjón af því hvaða kröfur alþjóðastofnanir, s.s. evrópska hagstofan Eurostat, gera um gagnaskil frá Hagstofunni.

Gert er ráð fyrir því að flokkunarkerfið verði notað innan Hagstofunnar og í útgáfum hennar, en einnig er gert ráð fyrir því að fyrirtæki og stofnanir sem þurfa á menntunarflokkun að halda geti notað það.

Umsjón með gerð flokkunarkerfisins og þessarar skýrslu höfðu Ásta M. Urbancic og Ómar S. Harðarson. Flokkunarkerfið var sent til umsagnar fjölmargra aðila sem sýsla með flokkun menntunarstöðu í landinu. Eru þeim öllum færðar bestu þakkir fyrir framlagið.

# Flokkunarkerfið

ÍSMENNT2011 er tveggja stafa flokkunarkerfi. Kerfið er byggt upp þannig að fyrstu stafirnir falla að fyrsta staf eða *stigi* í alþjóðlega flokkunarkerfinu ISCED 2011. Það er því mögulegt að nýta aðeins fyrsta stafinn ef menn kjósa svo og eru þá níu flokkar í flokkunarkerfinu. Þegar flokkað er niður á tvo stafi er 31 einstakur *flokkur* skilgreindur í ÍSMENNT2011.

- 0 Engin menntun eða minna en barnapróf**
  - 00 Engin menntun eða minna en barnapróf
- 1 Barnaskólamenntun**
  - 11 Barnapróf, fullnaðarpróf
- 2 Grunnmenntun**
  - 20 Grunnmenntun, nánari upplýsingar vantar
  - 21 Unglingapróf
  - 22 Grunnskólapróf, landspróf
  - 23 Gagnfræðapróf
  - 24 Bóknám á framhaldsskólastigi styttra en 2 ár
  - 25 Starfsmenntun eftir grunnskóla styttri en 1 ár
  - 26 Starfsmenntun eftir grunnskóla, 1–<2 ár
  - 27 Grunndeildir iðna
- 3 Framhaldsskólamenntun**
  - 30 Framhaldsskólamenntun, nánari upplýsingar vantar
  - 31 Starfsmenntun á framhaldsskólastigi, 2–<3 ár
  - 32 Önnur starfsmenntun en iðngreinar á framhaldsskólastigi, 3 ár eða lengri
  - 33 Burtfararpróf úr iðngrein
  - 34 Sveinspróf
  - 35 Listnám á framhaldsskólastigi, 2 ár eða lengra
  - 36 Stúdentspróf
  - 37 Annað bóknám á framhaldsskólastigi, 2 ár eða lengra
- 4 Viðbótarstig**
  - 40 Viðbótarstig, nánari upplýsingar vantar
  - 41 Iðnmeistarapróf
  - 42 Önnur starfsmenntun á viðbótarstigi
  - 43 Bóknám á viðbótarstigi
  - 44 Stutt hagnýtt nám á háskólastigi, grunndiplóma
- 5 Háskólamenntun, stutt nám**
  - 51 Starfsmenntun á háskólastigi án háskólagráðu, 2–3 ár
  - 52 Almenn menntun á háskólastigi án háskólagráðu, 2–3 ár
- 6 Háskólamenntun, bakkalágráða**
  - 60 Háskólamenntun, nánari upplýsingar vantar
  - 61 Bakkalár-háskólagráða
  - 62 Viðbótardiplóma við bakkalágráðu
- 7 Háskólamenntun, meistaragráða**
  - 71 Langt nám til fyrstu háskólagráðu, 5 ár eða lengra
  - 72 Meistaragráða
- 8 Doktorsmenntun**
  - 80 Doktorsgráða
- 9 Óþekkt**
  - 99 Óþekkt

# Hugtök og leiðbeiningar

## Menntunarstaða

Hæsta menntun sem einstaklingur hefur lokið er *menntunarstaða* hans. Grundvallaratriði til að menntun teljist með í tölum um menntunarstöðu er að námsbraut sé lokið með viðurkenningu þar til bærra yfirvalda. Menntunarstaða er yfirleitt ákvörðuð út frá viðurkenndum námslokum í formlegu námi. Þó getur óformlegt nám leitt til námsloka sem eru viðurkennd af til þess bærnum yfirvöldum og því talin með í tölum um menntunarstöðu. Menntunarstaða er flokkuð á námsstig í ÍSMENNT-flokkunarkerfinu. Stigin taka við hvert af öðru. Því hærra sem *stigið* er (þ.e. fyrri stafur flokkunarinnar), því meiri kröfur gerir það til einstaklingsins og því sérhæfðari er menntunin yfirleitt.

Almennt gildir þó eftirfarandi: Til þess að nám sé tekið til greina við skilgreiningu á menntunarstöðu þarf því að vera lokið á viðurkenndan hátt. Ekki er nóg að hafa setið tíma ef krafa er gerð um að prófum sé lokið eða verkefnum skilað til að ljúka námi. Ekki er heldur nóg að hafa fengið tiltekin réttindi, t.d. með því að kaupa leyfi eða skírteini, ef viðkomandi hefur ekki lokið þeirri menntun sem þarf til að ljúka viðkomandi námi. Það er þó erfitt að aðgreina þá sem hafa fengið réttindi á þennan hátt frá þeim sem hafa fengið réttindi í kjölfar náms í gögnum um menntunarstöðu. Það á við m.a. um iðnmeistara, en ekki liggur alltaf fyrir hvort þau réttindi hafa fengist með brautskráningu úr meistaraskóla.

Gerð er undanþága frá kröfunni um viðurkennd námslok á stigum 1 og 2. Þá er nóg að hafa staðist kröfur sem veita aðgang að næsta stigi fyrir ofan til að teljast hafa lokið þessum stigum, enda eru nemendur ekki lengur brautskráðir að loknu stigi 1 (með barnapróf).

Menntun er einnig flokkuð á *svið* eftir innihaldi námsins, en svið eru óháð stigi. Þau eru ekki til umfjöllunar í þessari samantekt, því að svið hafa ekki áhrif á menntunarstöðu í námsstigum. Leita má í flokkunarkerfið ÍSNÁM2008 til að fá nánari upplýsingar um námssvið.

## Ár

Með ári er átt við námsár, sem venjulega er 8–10 mánuðir, eða tvær til þrjár annir. Í háskólanámi er miðað við að skólaárið sé 60 ECTS-einingar,<sup>1</sup> eða 30 slíkar einingar á misseri. Fyrir upptöku ECTS-einingakerfisins á háskólastigi var fullt nám metið 30 einingar, eða 15 á hverju misseri.

## Hvað þarf til að teljast hafa lokið námsstigi?

Ef nám á stigum 1–3 veitir aðgang að næsta námsstigi fyrir ofan teljast námslok úr náminu jafnframt námslok á viðkomandi námsstigi. Á stigi 3 þarf námið þó að veita aðgang að háskólastigi (þ.e. stigum 5, 6 eða 7) til þess að það teljist veita aðgang að herra skólastigi. Nám á stigum 1–3, sem ekki veitir aðgang að næsta skólastigi fyrir ofan, má þó telja til námsloka á stiginu ef tilskildum kröfum er fullnægt. Námslok úr viðurkenndu námi á stigum 4–8 teljast vera lok náms á viðkomandi stigi að því gefnu að lágmarkslengd náms sé náð. Einnig þarf að ljúka fullri gráðu, ekki er nóg að ljúka fyrrihlutaprófi. Til að teljast hafa lokið stigum 5–8 þarf innihald námsins að vera á háskólastigi.

<sup>1</sup> *European Credit Transfer System.*

Eftirfarandi lágmarkskröfur eru gerðar til þess að hafa lokið námsstigi samkvæmt ÍSMENNT2011:

- Stig 2, grunnmenntun. Námið sé a.m.k. tvö ár að lengd á stiginu og a.m.k. átta ár að lengd frá upphafi 1. stigs (barnaskólastigs).
- Stig 3, framhaldsskólamenntun. Námið sé a.m.k. tvö ár að lengd á stiginu og a.m.k. 11 ár að lengd frá upphafi 1. stigs (barnaskólastigs).
- Stig 4, viðbótarstig. Námið er oftast sex mánuðir til tvö ár að lengd.
- Stig 5, háskólamenntun, stutt starfsmiðað nám. Námsbrautin sé a.m.k. tvö ár á háskólastigi.
- Stig 6, háskólamenntun, bakkalárgráða. Námsbrautin sé a.m.k. þrjú ár á háskólastigi og leiði a.m.k. til bakkalárgráðu eða sambærilegrar gráðu.
- Stig 7, háskólamenntun, meistaragráða. Námsbrautin leiði til meistaragráðu eða sambærilegrar gráðu. Hér flokkast með langar kandiðatsgráður sem eru ígildi meistaragráðu. Yfirleitt er nám a.m.k. fimm ár frá upphafi háskólastigs og veitir oftast aðgang að doktorsstigi (stigi 8).
- Stig 8, doktorsmenntun. Námsbrautin leiði til doktorsgráðu eða sambærilegrar gráðu.

## Hæsta menntun

Ef aðeins er lokið fyrri hluta náms, án þess að endanlegri gráðu sé lokið, flokkast námið á lægra ÍSMENNT-stig, þ.e. næsta stig fyrir neðan. Það sama á við ef nám er ekki nógu langt til þess að teljast til námsloka á viðkomandi stigi. Þá leiðir það til menntunarstöðu á næsta stigi fyrir neðan það sem námið flokkast á.

Ef nemandinn lýkur ekki námsleiðinni, t.d. hættir áður en námi er lokið, eða fellur á lokaprófinu, skal telja það nám sem hann hafði áður hæst lokið sem menntunarstöðu hans.

Ef viðkomandi hefur lokið jafngildu námi tvisvar eða oftár á sama *stigi* skal skrá síðasta prófið sem hæstu menntun sem hann hefur lokið. Það gildir þótt tölugildi seinna prófsins í ÍSMENNT sé lægra en hins fyrra, t.d. ef sveinsprófi (34) er lokið eftir stúdentsprófi (36). Með jafngildu námi er átt við að námið sé álíka langt. Á framhaldsskólastigi eru stuttar og langar brautir. Lengri brautirnar eru alltaf „hærri“ en stuttu brautirnar, en ekki þarf að gera upp á milli t.d. sveinsprófs og stúdentsprófs.

## Nám sem hefur breyst í árána rás

Menntun skal flokka eins og hún var á þeim tíma þegar hún var fengin en ekki eins og samsvarandi menntun sem er lokið í dag er flokkuð. Sem dæmi má taka grunnskólakennaramenntun, sem var á framhaldsskólastigi til ársins 1974. Eftir það brautskráðust kennarar með bakkalárgráðu af háskólastigi, en frá 2011 með meistarapróf. Þeir kennarar sem luku kennaranámi á meðan námið var á framhaldsskólastigi teljast hafa framhaldsskólamenntun sem hæstu menntunarstöðu hafi þeir ekki bætt við sig menntun síðan. Svipuðu máli gegnir um t.d. hjúkrunarfræðinám, sem var fyrst á framhaldsskólastigi, síðan á viðbótarstigi áður en það var flutt á háskólastig.

## Um einstaka menntunarflokka

### 0 Engin menntun eða minna en barnapróf

Nám í leikskólum eða styttra nám en sem svarar barnaprófi flokkast með þeim sem engu námi hafa lokið.

## 1 Barnaskólamenntun

Frá 1907 til 1946, er ný fræðslulög tóku gildi, lauk skyldunámi við 14 ára aldur með svokölluðu fullnaðarprófi. Þrátt fyrir lagasetninguna 1946 var skyldunámið sums staðar miðað við fyrri reglur langt fram eftir sjöunda áratug síðustu aldar.<sup>2</sup> Þessi menntun flokkast sem stig 1, flokkur *11 Barnapróf, fullnaðarpróf*.

Í þeim skólahverfum þar sem nýju lögini tóku gildi var nám í barnaskólum stytta um eitt ár, sem þá lauk með barnaprófi á því ári sem flestir nemendur urðu 13 ára. Þetta nám er einnig flokkað á stig 1.

## 2 Grunnmenntun

Með fræðslulögnum frá 1946 var skólaskyldualdur hækkaður um eitt ár og lauk þá með unglingaprófi á því aldursári sem flestir nemendur urðu 15 ára. Menntunarstaða þeirra sem luku unglingaprófi telst vera á stigi 2, flokki *21 Unglingapróf*.

Á stigi 2 eru þrjú flokkar sem tengjast starfsmenntun. Námsbrautir til undirbúnings iðnmenntun (s.k. grunndeildir iðna) hafa sinn sérstaka flokk (*27 Grunndeildir iðna*), en hinum tveimur er skipt eftir lengd námsbrautanna. Brautskráning af námsleiðum sem eru innan við eitt ár, og eru stundum ástundaðar jafnhliða grunnskólanámi, flokkast sem *25 Starfsmenntun eftir grunnskóla styttra en 1 ár*, en af lengri námsbrautum sem *26 Starfsmenntun eftir grunnskóla, 1–<2 ár*.

Listmenntun er talin sem starfsmenntun. Á stigi 2 er hér t.d. um að ræða tónlistarnám á 4. eða 5. stigi (skv. eldra kerfi), eða svokallað miðpróf. Það flokkast sem *26 Starfsmenntun eftir grunnskóla, 1–<2 ár*.

Almennt nám eftir grunnskóla- eða gagnfræðapróf, sem er styttra en tvö ár, er flokkað á stig 2 í flokkinn *24 Bóknám á framhaldsskólastigi styttra en 2 ár*. Hér er t.d. um að ræða eins árs framhaldsdeildir gagnfræðaskóla.

Ef ekki er vitað með vissu hvaða námsbraut á stigi 2 viðkomandi hefur lokið er boðið upp á almennan flokk í ÍSMENNT2011-flokkunarkerfinu, *20 Grunnmenntun*, nánari upplýsingar vantar.

## 3 Framhaldsskólamenntun

Alls er hægt að velja á milli sjö flokka á framhaldsskólastigi. Ef ekki er hægt að greina á milli þessara flokka er boðið upp á almennan flokk í ÍSMENNT2011-flokkunarkerfinu, *30 Framhaldsskólamenntun*, nánari upplýsingar vantar.

Starfsmenntunarflokkarnir eru fimm. Flokkar 33 og 34 eru tileinkaðar löggiltum iðngreinum, annars vegar til að flokka burtfararpróf úr framhaldsskólum sem bjóða upp á iðnmenntun, hins vegar til að flokka sveinspróf. Listnám á framhaldsskólastigi, t.d. framhaldspróf í tónlistarnámi (eða 7. stig í eldra kerfinu), sem er a.m.k. tvö námsár, hefur sinn eigin flokk (*35 Listnám á framhaldsskólastigi, 2 ár eða lengra*), en önnur starfsmenntun skiptist milli flokka *31* og *32* eftir lengd námsbrautarinnar sem lokið er.

2 Helgi Skúli Kjartansson, „Fræðslulögin í framkvæmd.“ *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007*. Síðara bindi: *Skóli fyrir alla 1946–2007*, bls. 44–63. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2008.



Tveggja ára verslunarpróf flokkast sem *31 Starfsmenntun á framhaldsskólastigi, 2–<3 ár* en þrjú ára framhaldsbrautir í starfsnámi (t.d. sjúkraliðanám í dag) falla í flokk *32 Önnur starfsmenntun en iðngreinar á framhaldsskólastigi, 3 ár eða lengri*.

Bóknámsbrautir á framhaldsskólastigi skiptast annars vegar í *36 Stúdentspróf* og hins vegar *37 Annað bóknám á framhaldsskólastigi, 2 ár eða lengra*.

Til annars bóknáms á framhaldsskólastigi en stúdentsprófs teljast t.d. tveggja ára framhaldsdeildir gagnfræðaskóla, sem og tveggja ára námsbrautir í menntaskóla eða fjölbrautaskóla með almennu innihaldi sem ekki lýkur með stúdentsprófi. Gæta verður þess að í sumum tilvikum útskrifast nemendur með framhaldsskólapróf eftir aðeins þrjár annir. Ef um það er vitað flokkast það nám á stig 2 og fer í flokkinn *24 Bóknám á framhaldsskólastigi styttra en 2 ár*. Ekki skal telja í þessum flokki þá sem hafa fallið brott úr framhaldsskóla án brautskráningar, þó svo að þeir hafi stundað nám í tvö ár eða lengur.

#### **4 Viðbótarstig**

Með viðbótarstigi er átt við viðbótarmentun eftir framhaldsskóla sem miðar að því að breikka og dýpka það nám. Ekki er stefnt að frekara námi á háskólastigi, en þó er ekki óalgengt að tekið sé mið af þessu námi við mat á stöðu nemanda þegar slíkt nám er hafið.

Alls er hægt að velja á milli fjögurra flokka á viðbótarstigi. Ef ekki er hægt að greina á milli þessara flokka er boðið upp á almennan flokk í ÍSMENNT2011 flokkunarkerfinu, *40 Viðbótarstig, nánari upplýsingar vantar*.

Iðnmeistarar hafa sinn eigin flokk, *41 Iðnmeistarapróf*. Þá er miðað við að viðkomandi hafi lokið prófi frá meistaraskóla. Ef ekki er vitað hvort svo sé er eigi að síður ráðlegt að telja menntunarstöðuna á stigi 4.

Önnur starfsmenntun eða listmenntun á viðbótarstigi telst í flokknum *42 Önnur starfsmenntun á viðbótarstigi*. Hér er til dæmis um að ræða menntun leiðsögumanna, iðnfræðinga, vélstjóra á 4. stigi og skipstjórnarmanna á 4. stigi.

Próf af stuttum hagnýtum námsleiðum í háskóla sem eru styttri en tveggja ára (<120 ECTS-einingar) telst vera á viðbótarstigi og fær flokkinn *44 Stutt hagnýtt nám á háskólastigi, grunndiplóma*. Lengri starfsmiðuð menntun á háskólastigi, sem þó nær ekki að teljast vera bakkalágráða eða lengri, er flokkuð á næsta stig fyrir ofan, *51 Starfsmenntun á háskólastigi án háskólagráðu, 2–3 ár*.

Í sumum löndum er boðið upp á stuttar almennar námsleiðir að lokinni framhaldsskólamentun til undirbúnings fyrir nám í háskóla. Þessi menntun telst vera á viðbótarstigi, flokkur *43 Bóknám á viðbótarstigi*. Til slíkrar menntunar telst einnig t.d. brautskráning frá eins árs tungumálanámi fyrir útlendinga á háskólastigi.

## 5 Háskólamenntun, stutt nám

Starfsmenntun á háskólastigi, sem lýkur ekki með bakkalágráðu eða hærri gráðu, en er a.m.k. 120 ECTS-einingar, er talin í flokki *51 Starfsmenntun á háskólastigi án háskólagráðu, 2–3 ár*. Hér er t.d. um að ræða kerfisfræðinga eða listmenntun á háskólastigi sem ekki veitir háskólagráðu.

Fyrrihlutapróf í menntun til bakkalágráðu á háskólastigi, t.d. efnaverkfræði, telst vera á þessu stigi, svo fremi sem það nái tveggja ára viðmiðinu. Það flokkast sem *52 Almenn menntun á háskólastigi án háskólagráðu, 2–3 ár*.

Viðaukagráður (e. *associate degrees*) sem boðið er upp á í Bandaríkjunum falla einnig í þennan flokk. Starfsmenntun, sem leiðir til viðaukagráðu, telst vera *51 Starfsmenntun á háskólastigi án háskólagráðu, 2–3 ár*, en almenna gráðan fellur í flokkinn *52 Almenn menntun á háskólastigi án háskólagráðu, 2–3 ár*. Ekki er hægt að ráða af heiti gráðanna (t.d. A.A., *Associate of Arts*, A.S., *Associate of Science*) hvort um starfsmenntun eða almenna menntun er að ræða og því þurfa viðbótarupplýsingar að liggja fyrir til þess að hægt sé að flokka þessar gráður rétt.

## 6 Háskólamenntun, bakkalágráða

Stig 6 skiptist í tvo flokka, annars vegar bakkalágráðu, sem gjarnan er þriggja til fjögurra ára nám (*61 Bakkalár-háskólagráða*), og hins vegar viðbótardiplómu (*62 Viðbótardiplóma við bakkalágráðu*), en þá er um að ræða hálf til eins og hálf árs viðbótarnám við bakkalárnám. Sem dæmi um viðbótar-diplómu má nefna uppeldis- og kennslufræði til kennsluréttinda.

Stytttri kandidatsgráður, sem aflað var með fjögurra ára námi, teljast vera jafngildi bakkalágráðu. Um er að ræða t.d. *Cand.oecon.*-nám í viðskiptafræði og *Cand.ing.*-nám í verkfræði.

Ef ekki liggur fyrir hvaða háskólamenntun viðkomandi hefur fengið, gefst kostur á að flokka háskólamenntun í almennan flokk í ÍSMENNT2011 flokkunarkerfinu, *60 Háskólastig, nánari upplýsingar vantar*. Þessi almenni flokkur spannar öll stig frá ÍSMENNT stigi 5 til 8.

## 7 Háskólamenntun, meistaragráða

Menntun á meistarastigi er annars vegar nám sem lýkur með meistaragráðu (72) og hins vegar nám sem er sambærilegt meistaragráðu (71).

Langar kandidatsgráður, eins og t.d. embættispróf í lögfræði (*Cand.jur.*) og læknisfræði (*Cand.med.*) voru a.m.k. 5 ára námsbrautir eða 300 ECTS-einingar með nútímafyrirkomulagi. Þessar gráður flokkast sem *71 Langt nám til fyrstu háskólagráðu, 5 ár eða lengra*. Til þessa flokks teljast einnig gráður á borð við Mag.Art. og aðrar svipaðar í eldra kerfi háskólamenntunar, sem ekki leiða til doktorsgráðu.

## 8 Doktorsmenntun

Nám sem hefur verið lokið með doktorsgráðu er flokkað sem *80 Doktorsgráða*. Gæta skal þess að ekki eru allir doktorar hér undir, sbr. það sem greinir nánar frá hér á eftir.

Nám sérfræðilækna telst vera á stigi 7, nema því ljúki beinlínis með doktorsgráðu.

## 9 Óþekkt

Flokkurinn 99 *Óþekkt* er ekki hluti af sjálfri flokkun menntunarinnar, þ.e. ekki er ætlast til að hann sé notaður sem einhvers konar „ruslflokkur“. Slíkan flokk er þó betra að hafa en ekki til að allt gagnasafnið geti verið flokkað.

## Flokkun íslenskrar menntunar síðustu áratugi

Í viðauka er listi yfir helstu menntun sem boðið hefur verið upp á í íslensku skólakerfi undanfarna öld og hún flokkuð samkvæmt ÍSMENNT2011.

## Erlend menntun

Ekki er hægt að birta hér yfirlit yfir skólagráður sem hægt er að afla sér í heiminum öllum. Því verður stiklað á stóru en helst staldrað við þær gráður sem gætu valdið erfiðleikum í flokkun.

Í viðauka er að auki listi yfir helstu gráður, eftir löndum, og þær flokkaðar samkvæmt ÍSMENNT2011. Frekari upplýsingar er hægt að fá á heimasíðu UNESCO (<http://uis.unesco.org/en/isced-mappings>) og hjá Evrópusambandinu ([https://webgate.ec.europa.eu/fpfis/mwikis/eurydice/index.php/Main\\_Page](https://webgate.ec.europa.eu/fpfis/mwikis/eurydice/index.php/Main_Page)).

Í Evrópu hefur háskólastigið verið endurskipulagt í samræmi við Bolognaferlið.<sup>3</sup> Með því móti er menntunarstaða brautskráðra gerð sambærileg milli landa. Hún fellur þá á bakkalár/meistari/doktor-skiptingunni. Oft þarf þó að flokka erlenda menntun sem fengin er í öðrum kerfum, eða starfsmenntun sem fellur utan kerfisins.

## Diploma

*Diploma* er algengt heiti á námsgráðu sem hefur margvíslegt innihald eftir því hvar og hvernig hún er fengin. Á Íslandi eru t.d. veittar diplómur fyrir námslok í stuttu hagnýtu námi á viðbótastigi, sem og í viðbótarnámi á bakkalárstigi. Það er því ráðlegast að rannsaka innihald gráðunnar nánar áður en hún er flokkuð, ef því verður við komið.

Í Danmörku og Noregi eru diplómanámsbrautir gjarnan tengdar starfsmenntun á bakkalárstigi. Sama máli gegnir um flest lönd á meginlandi Evrópu. Í Austurríki og Þýskalandi hafa verkfræðigráður verið nefndar diplómagráður (*Dipl.-ing.*) og teljast á meistarastigi. Í Svíþjóð hefur hugtakið þó aðeins almenna merkingu sem útskriftarskjal.

## Licence

*Licence* er háskólagráða í Frakklandi, Belgíu og Sviss. Í Frakklandi telst hún jafngilda bakkalárgráðu en í öðrum löndum var hún á meistarastigi áður en Bolognaferlið var tekið upp og fellur þá í flokk 71 *Langt nám til fyrstu háskólagráðu, 5 ára eða lengra*. Sambærileg gráða á Spáni kallast *Licenciado* og telst vera á meistarastigi.

3 Bolognaferlið hófst með Bolognayfirlýsingunni 1999. Ferlið er samvinnuverkefni 48 ríkja í Evrópu um að koma á samræmdu kerfi háskólamenntunar í aðildarlöndunum.

Í Svíþjóð er stutt (tveggja ára) rannsóknargráða eftir meistaranám (*Licentiat*) flokkuð sem jafngildi meistaragráðu.

### **Doktorar**

Í Austurríki og Þýskalandi teljast doktorsgráður í læknisfræði, dýralækningum og tannlækningum (*dr.med.*, *dr.med.vet.* og *dr.med.dent.*) ekki á doktorsstigi, heldur jafngildar meistaragráðu. Sama máli gegnir um t.d. MD og JD-gráður í Bandaríkjunum.

## Viðauki 1. Listi yfir helstu prófgráður og flokkun þeirra

ÍSMENNT2011	Gráða	Land
11	Barnapróf (skyldunám, lokið á 13. aldursári)	Ísland
11	Fullnaðarpróf (skyldunám, lokið á 14. aldursári)	Ísland
21	Unglingapróf (skyldunám, lokið á 15. aldursári)	Ísland
22	Grunnskólapróf (skyldunám, lokið á 16. aldursári)	Ísland
22	Landspróf	Ísland
22	Miðskólapróf	Ísland
23	Gagnfræðapróf	Ísland
24	Almenn braut framhaldsskóla, styttra en tveggja ára nám	Ísland
24	Framhaldsskólapróf, styttra en tveggja ára nám	Ísland
25	„Pungapróf“	Ísland
25	Húsmæðraskólapróf, styttra en eitt ár	Ísland
25	Meirapróf	Ísland
25	Vélstjórapróf fyrsta stig, ein önn	Ísland
26	Búfræðipróf, eitt ár	Ísland
26	Húsmæðraskólapróf/hússtjórnarskólapróf, eitt ár	Ísland
26	Stýrimannapróf fyrsta stig (styttra en tvö ár)	Ísland
26	Tónlistarpróf fimmta stig/miðpróf	Ísland
26	Vélstjórapróf fyrsta stig, eitt ár	Ísland
27	Grunndeild málmíðna, eitt ár	Ísland
27	Grunndeild tréiðna, eitt ár	Ísland
31	Búfræðipróf, tvö ár	Ísland
31	Íþróttakennarapróf, til 1973	Ísland
31	Samvinnuskólapróf	Ísland
31	Stýrimannapróf annað stig (2–<3 ár)	Ísland
31	Verslunarpróf	Ísland
31	Vélstjórapróf annað stig	Ísland
32	Búfræðipróf, þrjú ár	Ísland
32	Fósturpróf, til 1974	Ísland
32	Handavinnukennarapróf á framhaldsskólastigi	Ísland
32	Hjúkrunarpróf, til 1974	Ísland
32	Íþróttakennarapróf, 1974–1992	Ísland
32	Kennarapróf (til 1973)	Ísland
32	Ljósæðraskólapróf, til 1982	Ísland
32	Sjúkraliðapróf	Ísland

ÍS MENNT2011	Gráða	Land
32	Stýrimannapróf þriðja stig	Ísland
32	Tanntæknapróf	Ísland
32	Verslunarskólapróf, a.m.k. þrjú ár	Ísland
32	Vélstjórapróf þriðja stig	Ísland
32	Þroskaþjálfapróf, til 1987	Ísland
33	Burtfararpróf úr iðn	Ísland
34	Sveinspróf	Ísland
35	Leiklistarskólapróf, til 1978	Ísland
35	Tónlistarpróf sjöunda stig/framhaldspróf	Ísland
36	Stúdentspróf	Ísland
36	Frumgreinadeild (HR/Tækniháskólinn o.fl.)	Ísland
36	Háskólagátt/háskólabrú	Ísland
37	Framhaldsskólapróf, tveggja ára nám eða lengra	Ísland
41	Iðnmeistarapróf	Ísland
42	Atvinnuflugmannapróf	Ísland
42	Búfræði, framhaldspróf	Ísland
42	Hjúkrunarpróf (Nýi hjúkrunarskólinn)	Ísland
42	Iðnfræðingspróf	Ísland
42	Leiðsöguskólapróf	Ísland
42	Læknaritarapróf, frá 1993	Ísland
42	Stýrimannapróf fjórða stig	Ísland
42	Vélfræðingspróf	Ísland
42	Vélstjórapróf fjórða stig	Ísland
43	Undirbúningsbraut fyrir háskólanám að loknu stúdentsprófi	Ýmis lönd
44	Diplóma úr stuttu hagnýtu háskólanámi	Ísland
51	Starfsmiðaðar viðaukagráður ( <i>associate</i> )	Bandaríkin
51	Flugumferðarstjórnarpróf, framhaldsnám	Ísland
51	Fósturpróf á sérskólastigi, 1975–1997	Ísland
51	Grafísk hönnun, diplóma, til 1999	Ísland
51	Hjúkrunarfræðingspróf frá Hjúkrunarskóla Íslands (1975–1985)	Ísland
51	Iðnrekstrarfræðingspróf	Ísland
51	Íþróttakennarapróf á sérskólastigi, 1993–2000	Ísland
51	Kerfisfræðingspróf	Ísland
51	Leiklistarskólapróf, 1979–1999	Ísland
51	Ljósmeðraskólapróf, 1983–1994	Ísland
51	Myndmenntakennarapróf á sérskólastigi til 1998	Ísland

ÍS MENNT2011	Gráða	Land
51	Rekstrarfræðingspróf án háskólagráðu	Ísland
51	Sjöntækjafræðingspróf	Ísland
51	Tannfræðingspróf	Ýmis lönd
51	Tónmenntakennarapróf á sérskólastigi	Ísland
51	Proskapjálfafróf á sérskólastigi, 1985–1997	Ísland
52	Almennar viðaukagráður ( <i>associate</i> )	Bandaríkin
52	Fyrrihlutapróf til BA/BS/Cand. gráðu	Ísland
61	B.A.	Almennt
61	B.Ed.	Almennt
61	B.F.A.	Almennt
61	B.Mus.	Almennt
61	B.S.	Almennt
61	Cand.ing.*	Ísland o.fl.
61	Cand.oecon.*	Ísland o.fl.
61	DEST/DESA*	Frakkland
61	Kandidatspróf í búvísindum (B.S.)	Ísland
61	Licence	Frakkland
61	L.L.B.	Bandaríkin
62	Maîtrise*	Frakkland
62	Viðbótardiplóma ofan á bakkalárgráðu	Ísland
71	Cand.jur.*	Ísland o.fl.
71	Cand.mag.*	Ísland o.fl.
71	Cand.med.*	Ísland o.fl.
71	Cand.pharm.*	Ísland o.fl.
71	Cand.polit.*	Danmörk o.fl.
71	Cand.scient.*	Ísland o.fl.
71	Cand.theol.*	Ísland o.fl.
71	D.D.S. (Doctor of Dentistry)	Bandaríkin
71	Diplomingenieur/in	Austurríki
71	Dr.med.	Þýskaland o.fl.
71	Dr.med.vet.	Þýskaland o.fl.
71	Dr.med.dent.	Þýskaland o.fl.
71	J.D. (Juris Doctorate)	Bandaríkin
71	M.D. (Doctor of Medicine)	Bandaríkin
71	Mag.art.	Ísland o.fl.
71	Mag.scient.	Ísland o.fl.
71	Pharm.D.	Bandaríkin
71	Staatsprüfung	Þýskaland
72	DEA*	Frakkland
72	DESS*	Frakkland
72	Licence*	Sviss/Belgía

<b>ÍSMENNT2011</b>	<b>Gráða</b>	<b>Land</b>
72	Licenciado*	Spánn o.fl.
72	Licentiat	Svíþjóð
72	L.L.M.	Almennt
72	M.A.	Almennt
72	M.B.A.	Almennt
72	M.F.A.	Almennt
72	M.P.A.	Almennt
72	M.Paed.	Almennt
72	M.S.	Almennt
80	Dr.Ing.	Almennt
80	Dr.Scient.	Almennt
80	Habilitation	Þýskumælandi lönd
80	Ph.D.	Almennt

\* Eldra kerfi



## Viðauki 2. ÍSMENNT2011 með enskum undirtitlum

Flokkur	Lýsing	English
<b>0</b>	<b>Engin menntun eða minna en barnapróf</b>	<b>Less than primary education</b>
00	Engin menntun eða minna en barnapróf	Less than primary education or no formal education
<b>1</b>	<b>Barnaskólamenntun</b>	<b>Primary education</b>
11	Barnapróf, fullnaðarpróf	Primary education
<b>2</b>	<b>Grunnmenntun</b>	<b>Lower secondary education</b>
20	Grunnmenntun, nánari upplýsingar vantar	Lower secondary education, further details unavailable
21	Unglingapróf	Elementary school, 14–15 years of age
22	Grunnskólapróf, landspróf	Elementary school, 15–16 years of age (compulsory education)
23	Gagnfræðapróf	Elementary school, 16–17 years of age
24	Bóknám á framhaldsskólastigi styttra en 2 ár	General education at the lower secondary level, 1–<2 years
25	Starfsmenntun eftir grunnskóla styttri en eitt ár	Vocational education at the lower secondary level, <1 year
26	Starfsmenntun eftir grunnskóla 1–<2 ár	Vocational education at the lower secondary level, 1–<2 years
27	Grunndeildir iðna	Certified trades, basic diploma
<b>3</b>	<b>Framhaldsskólamenntun</b>	<b>Upper secondary education</b>
30	Framhaldsskólamenntun, nánari upplýsingar vantar	Upper secondary education, further details unavailable
31	Starfsmenntun á framhaldsskólastigi, 2–<3 ár	Vocational education at the upper secondary level, 2–<3 years
32	Önnur starfsmenntun en iðngreinar á framhaldsskólastigi, þrjú ár eða lengri	Vocational education at the upper secondary level, 3+ years
33	Burtfararpróf úr iðngrein	Certified trades, school diploma
34	Sveinspróf	Journeyman's diploma
35	Listnám á framhaldsskólastigi, tvö ár eða lengra	Upper secondary art education, 2+ years
36	Stúdentspróf	Matriculation examination
37	Annað bóknám á framhaldsskólastigi, tvö ár eða lengra	Other general education at upper secondary level, 2+ years
<b>4</b>	<b>Viðbótarstig</b>	<b>Post-secondary non-tertiary education</b>
40	Viðbótarstig, nánari upplýsingar vantar	Post-secondary, non-tertiary education, further details unavailable
41	Iðnmeistarapróf	Master of a certified trade
42	Önnur starfsmenntun á viðbótarstigi	Other post-secondary, non-tertiary vocational education
43	Bóknám á viðbótarstigi	Post-secondary, non-tertiary general education
44	Stutt hagnýtt nám á háskólastigi, grundiplóma	Short practical programmes at the tertiary level, basic diploma
<b>5</b>	<b>Háskólamenntun, stutt nám</b>	<b>Short-cycle tertiary education</b>
51	Starfsmenntun á háskólastigi án háskólagráðu, tvö til þrjú ár	Tertiary vocational education, 2–3 years
52	Almenn menntun á háskólastigi án háskólagráðu, tvö til ár	Tertiary general education, 2–3 years

Flokkur	Lýsing	English
<b>6</b>	<b>Háskólamenntun, bakkalágráða</b>	<b>Bachelor's or equivalent level</b>
60	Háskólamenntun, nánari upplýsingar vantar	Tertiary education, further details unavailable
61	Bakkalár-háskólagráða	Bachelor's degree
62	Viðbótardiplóma við bakkalágráðu	Post-bachelor diploma
<b>7</b>	<b>Háskólamenntun, meistaragráða</b>	<b>Master's or equivalent level</b>
71	Langt nám til fyrstu háskólagráðu, fimm ár eða lengra	Long first tertiary degree, 5 years or longer
72	Meistaragráða	Master's degree
<b>8</b>	<b>Doktorsmenntun</b>	<b>Doctoral or equivalent level</b>
80	Doktorsgráða	Doctoral degree
<b>9</b>	<b>Óþekkt</b>	<b>Not elsewhere classified</b>
99	Óþekkt	Unknown

## Hagtíðindi Flokkunarkerfi og staðlar

### Statistical Series *Classifications and standards*

102. árg. • 8. tbl.  
ISSN 1670-4770

4. apríl 2017

Umsjón *Supervision* Ásta M. Urbancic • asta.urbancic@hagstofa.is

Ómar S. Harðarson • omar.hardarson@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 105 Reykjavík Iceland  
www.hagstofa.is www.statice.is

Sími *Telephone* (+354) 528 1000  
Bréfasími *Fax* (+354) 528 1099

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.  
*Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.*